

GEIÐTES

BLITZ 2.0

Annað spil sem reynir á eldsnögg viðbrögð fyrir 2-8 skarpa leikmenn, 8 ára og eldri, eftir Jacques Zeimet

Draugagangur í höllinni 2 er sjálfstætt spil sem spila má eitt og sér án fyrra spilsins (Draugagangur í höllinni). Þó er hægt að spila spilin tvö saman, sem eykur á skemmtunina og það ekki bara fyrir þá sem kunna spilið út og inn. Reglur til að spila spilin tvö saman er að finna hér á eftir (Draugagangur í höllinni mætir Draugagangi í höllinni 2). Skemmtið ykkur vel – og verið með allt á hreinu!

Spilamunir

60 spjöld, 5 hlutir



draugastelpa




handklæði



froskur



bursti



baðker



spil

Undirbúningur

Raðið hlutunum fimm í hring á miðju borðinu. Stokkið spilin vel og leggið þau í bunka á borðið á hvolfi.

Grunnreglur: GRÍPTU HLUTINN!

Gangur spilsins

Sá, sem síðast fór í bað, snýr við efsta spilinu í bunkanum þannig að allir sjái það í einu. Leikmenn reyna nú að grípa með eldingarhraða af borðinu þann hlut sem sýndur er á myndinni í sínum rétta lit, þ.e. **bláa burstann** eða **rauða handklæðið**, og mega þeir bara nota til þess aðra höndina.

En hvað ef enginn hlutur er sýndur í réttum lit á myndinni?

Í því tilviki eiga leikmenn að grípa þann hlut, sem ekki er á myndinni, í lit sem ekki sést á myndinni.

Dæmi: Á spilinu er mynd af grárri DRAUGASTELPU og rauðum BURSTA. En það er engin grá draugastelpa og enginn rauður bursti. Þá verðurðu að grípa (græna) FROSKINN því að á myndinni er hvorki mynd af froski né neinu GRÆNU.

Sá sem grípur réttan hlut fær spilið, sem hann sneri við, að launum og leggur það á borðið fyrir framan sig. Hlutir, sem leikmenn gripu af borðinu eru settir aftur á miðju borðsins. Síðan snýr einn leikmanna við næsta spili í bunkanum (þannig að allir sjái það í einu) o.s.frv.

Viðbótareglur fyrir vana leikmenn:

a) The talking frog!

Ef á spilinu, sem flett er við, er mynd af froski **grípa leikmenn ekki** froskinn heldur **kalla þeir upp** „froskur“.



b) Froskurinn talar tungum!

- Ef froskurinn, eða önnur mynd á spilinu, er **sýnd í sínum rétta lit**, kalla leikmenn upp heiti hlutarins á **útlensku**.
- Ef hvorugur hluturinn á myndinni er í réttum lit kalla leikmenn upp heiti hans á **íslensku**.

draugur



Áður en spilð hefst koma leikmenn sér saman um það tungumál sem þeir ætla að nota. Hér á eftir má sjá heiti hlutanna á ensku, frönsku, þýsku og ítölsku. Að sjálfsgögðu má þó velja hvaða erlenda tungumál sem er.

c) Hvað var þurrkað með handklæðinu?

Ef myndin á spilinu sýnir handklæði gildir eftirfarandi: Alltaf þegar spili með mynd af handklæði er flett við reyna leikmenn að **finna þann hlut sem er í sama lit og handklæðið**. Ef froskur er á myndinni kalla þeir upp „froskur“ en að öðrum kosti grípa þeir hlutinn.



Dæmi um spil þar sem spilað er með öllum viðbótarreglum:

bursti

Dæmi: Sá sem er fyrstur að kalla upp „bursti“ fær spilið (handklæði + froskur)



handklæði

Dæmi: Sá sem er fyrstur að kalla upp „Handtuch“ fær spilið (handklæði í sínum rétta lit + froskur).



Ath! Hver leikmaður fær alltaf bara eina tilraun. Ef hann ...

- hrópar þegar hann hefði átt að grípa ... eða
- grípur þegar hann hefði átt að hrópa ... eða
- grípur eða hrópar upp heiti á **röngum hlut** eða ...
- grípur og hrópar upp heiti á hlut...
... þarf hann að láta af hendi eitt af spilunum sem hann var búinn að safna (ef hann á einhver).

Sá sem greip réttan hlut eða hrópaði heitið á réttum hlut, fær þetta/þessi spil.

Ef allir leikmenn gerðu mistök fær enginn þeirra spil. Spilin sem þeir láta af hendi, ásamt spilinu sem flett var við úr bunkanum, fara í „pott“ á borðinu. Næsta spili í bunkanum er því næst snúið við. Sá sem er fyrstur að grípa réttan hlut eða hrópa upp heitið á réttum hlut fær spilið, sem flett var við, og spilin í pottinum að auki.

Lok spilsins

Spilinu lýkur þegar bunkinn er búinn. Sá, sem þá hefur safnað flestum spilum, sigrar.

Höfundur: Jacques Zeimet • Teikningar: Gabriela Silveira



www.spilavinir.is

www.facebook.com/Spilavinir

© 2012 Zoch GmbH

Briener Str. 54 a

D - 80333 München

www.zoch-verlag.com

www.facebook.com/zochspiele

www.twitter.com/Zoch_Spiele

